

Loftgæði – eftirlit og viðbúnaður

Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu fylgjast vel með loftgæðum á svæðinu og verða viðvaranir samstundis gefnar út ef loftgæðum hrakar mjög, til dæmis vegna hugsanlegs öskufalls eða öskumisturs. Sóttvarnalæknir gefur slíkar viðvaranir út í samráði við heilbrigðisyfirvöld sveitarfélaga og almannavarnir gerist þess þörf. Tilkynningum og viðvörðunum verður komið á framfæri í fjölmiðlum. Séu engar slíkar viðvaranir gefnar út þarf almenningur ekki að hafa sérstakar áhyggjur af loftgæðum.

Dragi svo mjög úr loftgæðum að hættu sé á að skólastarf raskist gilda tilmæli til foreldra vegna röskunar á skólastarfi vegna óveðurs. Þau er meðal annars að finna á www.shs.is. Foreldrar grunnskólabarna eru hvattir til að kynna sér þær vel. Kapp verður að venju lagt á að halda skólum opnum en unnið samkvæmt viðbúnaðarstigi 1 og 2 sem skýrð eru í tilmælunum.

Ef svifryk í andrúmslofti fer yfir skilgreind mörk er þeim hættast sem glíma við hjarta- og öndunarfærasjúkdóma. Þeim sem vilja fylgjast með loftgæðum og mælingum á þeim er bent á vef Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is. Á forsíðu er hægt að nálgast upplýsingar um loftgæði hverju sinni.

Upplýsingar og tilkynningar um öskufall og loftgæði:

- Landlæknisembættið, www.landlaeknir.is
- Almannavarnadeild ríkislögreglustjórans, www.almannavarnir.is
- Umhverfisstofnun, www.ust.is

Leiðbeiningar til almennings um viðbrögð við öskufalli:

- Bæklingur um hættu á heilsutjóni vegna gosösku. Leiðbeiningar fyrir almenning: www.landlaeknir.is/Pages/1527
- Bæklingur um öskufall. Leiðbeiningar um viðbrögð fyrir, eftir og meðan á öskufalli stendur: www.landlaeknir.is/Pages/1527